

Alþingi
Erindi nr. P/137/621
komudagur 15.7.2009



Reykjavík 14. júlí 2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Tillaga til þingsályktunar um hagsmunl Íslands í loftslagsmálum. Lagt fyrir Alþingi á 137. löggjafarþingi 2009. Þskj. 18, 18. mál.

Stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags þakkar umhverfisnefnd fyrir það tækifæri að gera athugasemdir við framangreinda þingsályktunartillögu.

Tilgangur rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar er að stemma stigu við loftslagsbreytingar af mannavöldum og hafa aðildarríkin, þ.m.t. Ísland, skuldbundið sig til að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda og gera það sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir aukningu þeirra í andrúmsloftinu. Vegna stöðu Íslands miðað við aðrar þjóðir árið 1990 fengu Íslendingar rýmri útstreymisheimildir (í rauninni heimild fyrir aukningu) en aðrar þjóðir í Kyoto-bókuninni fyrir árin 2008-2012 auk þess sem Ísland fékk viðbótarheimildir (íslenska ákvæðið). Nú er verið að semja um annað tímabil rammasamningsins og telja flutningsmenn þingsályktunartillögunnar að hagsmunir Íslands liggi í því að ríkisstjórnin tryggi áframhaldandi viðurkenningu á íslenska ákvæðinu. Stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags telur ekki að sú leið sem flutningsmennirnir leggja til tryggi hagsmuni Íslands best. Það fari ekki saman að halda Íslandi fram sem fyrirmynd í umhverfismálum og óska á sama tíma eftir sérstakri meðhöndlun þannig að unnt sé að auka útstreymi gróðurhúsalofttegunda á næsta samningstímabili. Þvert á móti sé æskilegra að Ísland verði í fararbroddi meðal þjóða sem sækja fram í að minnka losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum, m.a. með nýsköpun og tækniþróun.

Virðingarfyllst,

Kristín Svavarsdóttir
formaður HÍN.

HÍÐ ÍSLENSKA NÁTTÚRUFRAEÐIFÉLAG
Pósthólf 520, 200 Kópavogur
hin@hin.is